

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 157/2014**

2015/EES/5/05

frá 9. júlí 2014

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum**  
**utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðildarríkja EES-samningsins þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2014 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 5. mgr. 2. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„– **32013 R 1316**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

EFTA-ríkin skulu aðeins eiga aðild að fjarskiptahluta sjóðsins fyrir samtengda Evrópu.

Liechtenstein skal vera undanþegið þátttöku í þessari áætlun og fjárframlögum til hennar.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2014 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.